**Fimmti fundur Deltadeilda var haldinn í Stykkishólmi 1.júní 2013.**

Þar sem formleg fundargerð var ekki rituð er dagskrá ferðarinnar sett hér inn.

***DAGSKRÁ***

Reykjavíkur- og Akraneskonur hitta Borgfirðinga á Hyrnutorgi - ***Brottför úr Borgarnesi 11:00***

Örhressing í N1 í Stykkishólmi (pylsa og þess háttar) og skoðun ***Eldfjallasafnsins kl 12:30 aðgangur kr 600,- / mann***

Þaðan er haldið í ***Leir 7***, Aðalgötu 20, skoðum þar vinnustofu og verslun Sigríðar Erlu Guðmundsóttur að því loknu sjáum við til hvernig landið liggur, e.t.v. í ***Gallerí Bragga*** Aðalgötu 28. Listakonan þar er í USA, en haft verður samband við hana á föstudaginn.

Fundur kl 15:00 uppi á lofti í ***Narfeyrarstofu***, sjávarréttasúpa og brauð, kr. 1.450,-

***Norska húsið*** opnar nýja sýningu kl 15:00 - opið til kl. 17:00
Þar ræður ríkjum Alma Dís Kristjánsdóttir DKG kona í Lamda-deild (flutti fyrir ári síðan í Hólminn). Þar sem opna á sýningu á munum Steinþórs Sigurðssonar leikmyndateiknara, sem er frá Stykkishólmi og 80 ára um þessar mundir. Vegna opnunarinnar getur Alma Dís ekki tekið á móti hópnum sérstaklega (sem hún hefði gjarnan viljað geta gert). Skv uppl. á vef Hólmara kostar 800/mann þarna inn.
Að súpufundi loknum geta þær konur sem hafa tíma til skoðað sýninguna í Norska húsinu áður en heim verður haldið.

Inga Stefáns, Jenna og Arnbjörg hafa boðað forföll - bestu kveðjur til ykkar með þökkum fyrir veturinn. Sjáumt vonandi sem flestar !

Systrakveðja,
Stjórnin

